

Föstudaginn 29. apríl 1932.

Nr. 8/1932. **Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunar-
félags Vestmannaeyja**

gegn

**Stefáni Árnasyni, f. h. Jóns Ásbjörns-
sonar og Sveinbjörns Jónssonar.**

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunar-
félags Vestmannaeyja, er eigi mætir í málinu, greiði
50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill
fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 2. maí 1932.

Nr. 32/1932. **Réttvísinn** (Bjarni P. Johnson)

gegn

**Sigurjóni Viktor Finnbogasyni og
Magnúsi Jóh. Þorvarðarsyni**

(Theódór B. Línal).

Þjófnaður.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. jan. 1932: Ákærður, Sigurjón Viktor Finnbogason, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði, en ákærður, Magnús Jóhann Þorvarðarson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga. Ákærðir greiði in solidum 20 krónur til Sigurðar Jónssonar fornsala innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði ákærðir in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Afbrot ákærða, Sigurjóns Viktors Finnbogasonar, heyrir undir 6. gr. sbr. 8. gr. l. nr. 51, 7. maí 1928 og afbrot Magnúsar Jóhanns Þorvarðarsonar heyrir undir 6. gr. sömu laga, sbr. 55. gr. hinna almennu hegningarlaga, og að því athuguðu, að hinir ákærðu hafa áður verið dæmdir fyrir brot gegn hegningarlögunum þykir refsing Sigurjóns hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og Magnúsar Jóhanns 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hinum ákærðu ber in solidum að greiða Sigurði Jónssyni fornsala 20 kr. í skaðabætur svo sem hann undir rekstri málsins hefir krafizt og þeir hafa samþykkt, ennfremur ber þeim in solidum að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Við meðferð málsins er það athugavert, að eftirrit af dómunum um fyrri afbrot ákærðu hafa hvorki verið lögð fram í undirrétti né hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Sigurjón Viktor Finnbogason, sæti tveggja mánaða, og Magnús Jóhann Þorvarðsson, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði in solidum Sigurði Jónssyni fornsala 20 kr. í skaðabætur.

Svo greiði þeir og in solidum allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna

Bjarna Þ. Johnson og Theódórs Lindal, 50 kr.
til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að
lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Sigurjóni Viktor Finnbogasyni, Lindargötu 1 c og Magnúsi Jóhanni Þorvarðarsyni, Bjargarstig 4, fyrir brot gegn ákvæðum 23. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina. Laugardaginn 19. dezember síðastliðinn klukkan um 6½ að kvöldi voru ákærðir á gangi saman á Grundarstignum. Er þeir gengu framhjá húsinu nr. 4 við nefnda götu, voru forstofudyrnar opnar. Sáu þeir að í forstofunni héngu tvenn karlmannsföt, önnur brún, en önnur blá og brúnn frakki. Kom þeim saman um, að þarna mundi vera tækifæri til þess að ná í föt til þess að selja. Fór ákærður Sigurjón því inn í forstofuna og tók bláu fötin og kom út með þau og afhenti þau ákærðum Magnúsi. Fóru ákærðir síðan saman með fötin til Sigurðar Jónssonar fornsala á Vita-
stig 8. Ákærður Magnús fór inn með fötin og seldi fornsalanum þau fyrir 20 krónur, og sagði að eigandinn biði fyrir utan. Er fornsalinn vildi fá að sjá eigandann, fór ákærður Sigurjón inn og kvaðst vera eigandi fatanna. Þessum 20 krónum skiptu ákærðir síðan á milli sínu og eyddu.

Hinum rétta eiganda fatanna hafa verið afhent fötin af lögreglunni, en Sigurður Jónsson fornsali hefir gert þá kröfu að ákærðir verði dæmdir til að greiða sér þær 20 krónur, sem hann galt fyrir þau.

Ákærðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Magnús fæddur 27. ágúst 1907, en Sigurjón fæddur 9. september 1907. Ákærður Magnús hefir með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 20. ágúst 1931, verið dæmdur í 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot

gegn ákvæðum 101., 113., og 205. greinar hegningarlaganna. Ákærður Sigurjón hefir með dómi uppkveðnum í aukarétti Reykjavíkur 9. apríl 1927, verið dæmdur í 9 mánaða betrunarhússvinnu fyrir brot gegn ákvæðum 230. og 231. greina hegningarlaganna og fyrir bannlagabrot.

Framangreint afbrot ákærðu ber að álit dómarans að heimfæra undir 6. grein laga nr. 51 frá 1928 og þykir refsing ákærða Sigurjóns hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði, en refsing ákærða Magnúsar samskonar fangelsi í 45 daga. Ákærðir greiði Sigurði Jónssyni fornsala in solidum 20 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði þeir in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Miðvikudaginn 4. maí 1932.

Nr. 4/1932. Réttvísing og valdstjórnin

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Guðjóni Benediktssyni, Þorsteini Péturssyni, Jónasi Guðjónssyni, Magnúsi J. Þorvarðssyni, Georg Hans Knudsen og Hauki Siegfried Björnssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Brot gegn 101. og 113. gr. hegnl. m. m.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. ágúst 1931: Ákærður, Guðjón Benediktsson, sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákærður, Þorsteinn Pétursson, sæti 60 daga og ákærður, Jónas Guðjónsson, 15 daga samskonar fangelsi.

En fullnustu fangelsisrefsingar þessara manna skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 6. nóv. 1907 eru haldin.

Magnús Jóhann Þorvarðsson sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og Georg Hans Knudsen 30 daga samskonar refsingu.